

# ÁSKORUN til alþingismanna

vegna frumvarps um að afleggja einkaleyfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins (ÁTVR) á smásölu áfengis og gefa smásölu áfengis frjálsa að ákveðnu marki.<sup>[1]</sup>

Fyrir Alþingi liggar þingmannafrumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, lögum um aukatekjur ríkissjóðs, áfengislögum og lögum um gjald á áfengi og tóbaki, með síðari breytingum (smásala áfengis) - 144. löggjafarþing 2014–2015. Pingskjal 17 - 17. mál. Með frumvarpinu er lagt til að einkaleyfi Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins (ÁTVR) á smásölu áfengis verði aflagt og smásala áfengis verði að ákveðnu marki gefin frjáls.

Hér er um að ræða tillögu sem varðar mikla samfélagslega hagsmuni. Við fórum þess á leit að fulltrúar okkar á Alþingi tryggi henni vandaða málsmeðferð sem byggir á langtímastefnumörkun í forvörnum og lýðheilsu.

Við fórum þess á leit að fulltrúar okkar á Alþingi kynni sér af kostgæfni möguleg áhrif frumvarpsins á lýðheilsu og þjóðarhag og byggi afgreiðslu þess á rannsóknum, ráðgjöf og upplýsingum sérfraðinga í lýðheilsumálum, áfengis- og vímuefnamálum og, ekki síst, þeirra sem sinna málefnum ungmenna.

Áfengisneysla er meðal sterkstu áhættuþáttu lýðheilsu, samanber mat Alþjóðaheilbrigðismála-stofnunarinnar.<sup>[2]</sup> Kostnaður samfélagsins vegna neyslu áfengis birtist víða, m.a. í heilbrigðiskerfinu, löggæslu- og dómskerfinu, tryggingakerfinu og atvinnulífinu svo dæmi séu nefnd. Að ógleymdum áhrifum á einstaklinga, fjölskyldur og nærsamfélag.

Í nýlegri bók sem leiðandi vísindamenn á sviði áfengis- og vímuefnamála tóku saman um fyrirliggjandi niðurstöður rannsókna í áfengis- og vímuefnamálum kemur fram að aukið aðgengi/framboð á áfengi leiðir til aukinnar neyslu.<sup>[3]</sup> Af þessu er ljóst að áfengi er engin venjuleg söluvara sem hægt er að setja eingöngu í afmarkað markaðs- og viðskiptasamhengi.

Við vekjum athygli á að í stefnuvirlýsingu ríkisstjórnar Íslands segir að baett lýðheilsa og forvarnastarf verði meðal forgangsverkefna ríkisstjórnarinnar. Í samræmi við það hefur verið sett á fót ráðherranefnd um lýðheilsumál undir hatti forsætisráðherra. Samhliða henni hefur einnig verið sett á fót sérstök ráðgefandi Lýðheilsunefnd undir yfirstjórn heilbrigðisráðherra sem hefur það meginhlutverk að vinna drög að heildstæðri stefnumótun og aðgerðaráætlun sem hefur það að markmiði að efla og bæta lýðheilsu á öllum aldursskeiðum en með sérstakri áherslu á börn og ungmenni. Nefndin skal skila heilbrigðisráðherra tillögum sínum eigi síðar en í árslok 2015.

**Stjórvöld, sveitarfélög og fjölmörg almannasamtök hafa með stefnumörkun og beinum aðgerðum unnið markvisst að því að draga úr áfengisneyslu íslenskra ungmenna með góðum árangri. Þeim árangri má ekki stofna í hættu. Við hvetjum því alþingismenn til þess að fella frumvarpið eða vísa því til ofangreindra nefnda til umfjöllunar.**



Samstarfsráð um forvarnir



Heimili og skóli



Krabbameinsfélög



Foreldrasamtök GEGN ÁFENGISAUGLYSINGUM



Kvenfélagasband Island



**Samstarfsráð um forvarnir**, er samstarfsvettvangur félagasamtaka sem vinna að áfengis-, tóbaks- og vímuefnarvörnum á vettvangi mannræktar, velferðar, félagsmála, samfélagsþróunar, uppeldis- og skólámála, íþróttamála og tómstundastarfs. Samstarfið byggist á virðingu fyrir fjölbreytni, ólikri aðkomu samtaka í forvörnum og mismunandi áherslum.

[1] <http://www.althingi.is/altext/143/s/0186.html> [2] <http://www.who.int/mediacentre/factsheets/fs349/en/> [3] [http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item10424/Afengi\\_engin\\_venjuleg.pdf](http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item10424/Afengi_engin_venjuleg.pdf)